

Nd.

30. Frumvarp til laga

um heimild til lántöku fyrir síldarverksmiðjur ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Til þeirrar aukningar síldarverksmiðjanna á Raufarhöfn og Siglufirði, sem um ræðir í lögum nr. 10 13. jan. 1938 og lögum nr. 42 12. febr. 1940, heimilast stjórn síldarverksmiðja ríkisins að taka lán, að upphæð allt að þrjár milljónir og tvö hundruð þúsund krónur. Ríkissjóður ábyrgist greiðslur téðra lána.

Gera skal mönnum kost á þátttöku í láni þessu í bönkum landsins og útibúum þeirra, svo og í sparisjóðum í öllum héruðum landsins.

2. gr.

2. gr. laga nr. 10 13. jan. 1938 og 2. gr. laga nr. 42 12. febr. 1940 eru felldar úr gildi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.